





- Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 658 íbúar mv. 2. október sl. og hefur fjölgað um 1 íbúa þar með frá því 1. janúar sl. Íbúatalan hefur verið aðeins rokkandi upp og niður á árinu, var lægst 653 og hæst 666 þannig að það er aðeins teygni í þessum efnum sem öðrum.
- Vinna við fjárhags- og framkvæmdaáætlunargerð fyrir árin 2024 til 2027 er nú á lokametrum. Sveitarstjórn ásamt starfsmönnum hélt vinnufund í kjölfar síðasta sveitarstjórnarfundar þar sem stóru línurnar voru lagðar. Ég vil þakka öllum þeim sem komið hafa að vinnunni með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir – auðvitað eigum við eftir ákveðna þætti nú á milli umræðna en stóra myndin er komin. Fyrri umræða um áætlunina fór fram hér fyrir á fundinum og seinni umræða verður í desember. Undirritaður mun á íbúafundi sem haldinn verður í Dalabúð í næstu viku, þriðjudaginn 14. nóvember, á vegum verkefnastjórnar DalaAuðs og Dalabyggðar, kynna útlínur áætlunarinnar og það hvernig áform sveitarstjórnar sem birtast í fjárhags- og framkvæmdaáætlun komandi ára talar inn í þau áform sem fjallað er um í verkefnisáætlun DalaAuðs. Í framhaldinu höfum við í huga að halda umræðufundi vegna fjárhagsáætlunar hér niðri í Nýsköpunarsetri. Við auglýsum fundinn eða fundina þegar nær dregur.

- Miðvikudaginn 18. október var haldinn fundur um Samvinnu barnanna vegna fyrir foreldra í sveitarfélaginu að frumkvæði fræðslunefndar. Nálgun fundarins var: „Skiptir samvinna foreldra máli fyrir farsæld barna? Hvað get ég lagt af mörkum til að auka vellíðan barna í mínu nær samfélagi?“ Góð mæting var á fundinn og fór fram gróskumikil vinna og umræður um málefni barna. Öll sem mættu var skipt upp í hópa og löguðu fram nokkur gildi sem hverjum hóp fannst að mesta áherslan ætti að vera á. Þau gildi voru síðan lögð til grundvallar farsældarsáttmála Dalabyggðar.



Farsældarsáttmálinn

Í/á: Dalabyggð

Dags: 18.10.2023

Gagnkvæm virðing og stuðla að trausti milli allra. Að börn og ungmenni hafi sjálfstæða rödd og borin sé virðing fyrir skoðunum þeirra.

Geðheilbrigði og líðan barna sé í fyrirrúmi, til dæmis með því að efla félags- og tilfinningalæsi.

Finna lausnir á málefnalegan hátt án ásakana í samskiptum.

Samstilltar reglur þar sem sett eru heilbrigð mörk sem hæfa aldri og þroska barnanna og förum eftir lögbundnum reglum, t.d. útvistarími, skjánotkun og aldurstakmörk.

Fullorðnir eru fyrirmyndir í skjá tíma og samskiptum.

Tryggjum nægan svefn barna svo þau geti tekist á við daginn sem kemur á morgun.

Efla samveru foreldra og barna og vera til staðar.

Góð og gagnkvæm samskipti milli heimilis og skóla.

Allir velkomnir, inngilding og fræðsla í foreldrasamfélagi leiðir af sér inngilding hjá börnum og ungmennum.

Við viljum að öll börn í okkar samfélagi blómstri og þeim líði vel.

Juglína, Steindís, Hanna Straga, Sigrún Guðr., Tría Kjöll, Þjóðga Þjórn, Andri, Fannar Þóra, Summeva H., Anna, Hafri n Ósp, Regna, Pálmi, Ragnheiður H. Þóring, Dagmar, Stefánía B., Hanga, Stefánía Anna Vilhjálmsd., Iris Dröfn, Cústina Sarah Arnald, Guðrún Lóa Þóring, Pálma Kr. Jóhanns, Svanlúthilja Víðarsd., Þuridur Kr. Þóring, María



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

SAFT

Með stuðningi frá





Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið

- Barátta okkar vegna stöðu á dagvörumarkaði hér í Dalabyggð hefur haldið áfram að vekja athygli og fjölmiðlar gert því ágæt skil. Nú bíðum við eftir því að Samkaup kynni áform sín og útfærslu vegna aðgerða hér í Búðardal en við höldum öðrum dyrum opnum ef aðrar keðjur og/eða aðrir aðilar eru tilbúnir til að koma til okkar í Dalina og höfum við þreifað á því hvort einhverjir möguleikar séu fyrir hendi.
- Kvinnaverkfall var haldið þann 24. október sl. og gaf Dalabyggð þeim starfsmönnum sem svo kusu að vera frá vinnu þann dag án þess að skerða laun. Þessar aðgerðir höfðu mest áhrif á skólana okkar, leik- og grunnskóla, sem voru lokaðir þennan dag og einnig var bókasafn lokað. Silfurtún var í fullri virkni og eins var á skrifstofu okkar. Það er enn verk að vinna í jafnréttisbaráttunni og víkur Dalabyggð sér ekki undan í þeim efnum að leggja sitt af mörkum.



- Fulltrúar sveitarstjórnar Dalabyggðar funduðu þann 24. október sl. með umhverfis-, orku- og loftslagsmálaráðherra þar sem rætt var um sýn sveitarfélagsins og sveitarstjórnar á helstu verkefni og áherslur inn í framtíðina. Unnið er nú að því að skipa starfshóp sem hafi það hlutverk að vinna tillögur til ráðherra um mögulegan framgang mála í Dalabyggð í þeim málaflokkum sem heyra undir viðkomandi ráðuneyti með það að markmiði að efla samfélagið í Dölum, nánar um þetta á allra næstu dögum.

- SSV stóð fyrir ráðstefnu í Breið þróunarsetri á Akranesi í seinni hluta október. Yfirskrift ráðstefnunnar var „sveitarfélög á krossgötum“ þar sem annars vegar var rætt um sameiningar sveitarfélaga og hins vegar hvernig sveitarfélög geta aukið aðdráttarafl sitt til þess að laða til sín íbúa og atvinnustarfsemi. Ráðstefna var vel sótt en um 50 manns mættu og tóku þátt í skemmtilegum umræðum og hlýddu á mjög áhugaverðar framsögur. Það er ljóst að það má reikna með því að aukinn kraftur færist í umræður og vangaveltur víða um land í þeirri viðleitni að sameina sveitarfélög.





- Innviðaráðherra kom í heimsókn til okkar í Búðardal þann 25. október sl. í kjölfar þess að hann vígði og opnaði nýja og glæsilega brú yfir Þorskafjörð. Við fulltrúar Dalabyggðar áttum gott samtál við ráðherrann og aðstoðarmann hans og báru m.a. á góma samgöngumál, löggæsla, byggðaaætlunarverkefni, íþróttamannvirki, farsæld barna og staða bænda. Þá var einnig farið yfir uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, áform um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis, framgang DalaAuðar (verkefni Brothættra byggða) sem og tæpt á hinum ýmsu málefnum er snerta Dalabyggð.
- Í tengslum við samtál okkar við innviðaráðherra er gaman að geta þess að nú eru framkvæmdir við vegabætur á Klofningsvegi farnar á fullt með tilheyrandi áhrifum á umferð á svæðinu. Það er ljóst að þeir sem þurfa að ferðast um veginn munu finna fyrir áhrifum á framkvæmdatíma en þá er mikilvægt að hafa í huga þau áhrif sem birtast að framkvæmdum loknum. Einnig, í tengslum við umræðu um opinberar framkvæmdir, þá er ánægjulegt að sjá og vita af þeim endurbótum sem Rarik hefur verið í hér í Dalabyggð upp á síðkastið, stórar og miklar endurbætur þó við viljum, og þurfum, alltaf meira því bragabótar er þörf víða í hinni víðfeðmu Dalabyggð.

- Við starfsmenn Dalabyggðar vinnum nú að því að undirbúa drög að uppfærðri húsnæðisáætlun fyrir sveitarfélagið sem standa þarf skil á gagnvart HMS í janúar 2024. Unnið er með þrjár spátölur varðandi þróun á íbúafjölda. Stefnt er að því að geta lagt fyrstu drög til umræðu í umhverfis- og skipulagsnefnd í desember og í kjölfarið á þeirri umræðu fær sveitarstjórn skjalið til umræðu og afgreiðslu.
- Í október áttum við starfsmenn á skrifstofu Dalabyggðar fund með fulltrúum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar sem farið var yfir verklag varðandi umsóknir og meðferð upplýsinga og gagna á milli sveitarfélagsins og sjóðsins. Dalabyggð er mjög háð framlögum Jöfnunarsjóðsins og er það um 30% af áætluðum heildartekjum næsta árs sem er reiknað með að komi frá sjóðnum og því afar mikilvægt að gott og skilvirkt samtal sé á milli aðila.



SUB Laun fyrir lífi...

SAMTÖK UNGRA BÆNDA

...ungra bænda og íslenskra sveita

Samtök ungra bænda efna til baráttufundar fyrir lífi sínu og sveitanna í landinu. Án verulegra breytinga verður engin eðlileg endurnýjun í bændastéttinni. Samt blasa við fjölmörg sóknarfæri til alþjóðlegrar samkeppnishæfni og um leið íslenskrar verðmæta-

sköpunar. Við trúum á framtíðina en vandamálið er nútíðin þar sem þjóðin, undir forystu stjórnvalda, flýtur um þessar mundir sofandi að feigðarósi. Að gera eitthvað í málinum seinna gæti einfaldlega orðið of seint.



Steinþór Logi



Margrét



Þeirslifur Ómar



Þuríður Lílly



Axel



Ingibjörg



Ísak



Sigríður



Jón Helgi

Dagskrá

Laun fyrir lífi

Steinþór Logi Arnarsson, formaður Samtaka ungra bænda, bóndi í Stórholti, Dálum

Sami leikur – Ólíkar leikreglur

Margrét Grönláadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði

Lausn á alvarlegum vanda í íslenskum landbúnaði

Bóndillur Ómar Óskarsson, kjaubóndi í Grænuháði, Eyafirði

Lifandi sveitir – lifandi land

Purður Lílly Sigurðardóttir, sauðfjárbóndi í Sléttu, Reyðarfirði

Tryggjum bændum framtíð

Axel Sæland, formaður garðyrkjudelídar BL, garðyrkju- og blómabóndi á Espaföt, Reykjavíki

Sveitir sitjandi kráka en fljúgandi fær

Ingibjörg Davíðsdóttir, sendiherra og alhaki íslensks fæðuklása

Úmræður

Flutningsmenn einnda, gestir úr stjórnmálum – gestir í sal

Kæfhlá

Landverðir þjóðarinnar

Ísak Jökullsson, í gegm SUB, bóndi á Ósabakka, Skeiða- og Gnúpsverjarhreppi

Er fjármagnskostnaður náttúruögmál?

Sigríður Ólafsdóttir, bóndi og ráðunautur, Vildalstungu, V-Húnavatnssýslu

- Baráttufundur Samtaka ungra bænda í var haldinn í Salnum í Kópavogi þann 26. október sl. Um var að ræða afar kröftugan og vel upp settan fund. Undirritaður mætti þar ásamt fjölda fólks og var afar gott að finna þann kröftuga samhljóm sem á fundinum var og er full ástæða til að hrósa Samtökum ungra bænda fyrir framtakið og afar vandaðar framsögur og markvissa framgöngu í aðdraganda fundar og í kjölfar hans. Við í Dalabyggð getum verið stolt af okkar manni sem stendur í stafni samtakanna en eins og flestir vita er formaður þeirra Steinþór Logi Arnarsson bóndi í Stórholti í Saurbæ.

- Í kjölfar þess að skipaður var starfshópur þriggja ráðuneyti til að skoða rekstrarforsendur landbúnaðar á landinu þá óskuðum við í Dalabyggð eftir fundi með fulltrúum starfshópsins. Brugðist var skjótt við og fengum við fund með ráðuneytisstjóra matvælaráðuneytis og embættismönnum þar sem við komum á framfæri ábendingum okkar og tillögum varðandi þá grafalvarlegu stöðu sem uppi er í varðandi lífsafkomu þeirra sem stunda búskap. Í lok fundar óskaði ráðuneytisstjóri matvælaráðuneytisins eftir því að við sendum inn minnisblað þar sem við reifuðum þau atriði sem við komum inn á í samtali okkar við hópinn.
- Eldhús í Tjarnarlundi nú að komast í virkni og getur fólk fljótlega farið að leigja eldhúsið fyrir sultugerð, smákökubakstur og þ.h. innan skamms eða í kjölfar þess að gjaldskrá hefur verið samþykkt, vonandi mun þessi nýja aðstaða vekja áhuga þeirra sem hyggja á framleiðslu alls konar góðgætis, ekki síst nú í aðdraganda jólahátíðar.






- Viðræður hafa átt sér stað undanfarnar vikur á vegum Dalabyggðar, SSV og Vegagerðarinnar, sem sér um almenningssamgöngur á landinu og er með samning við Strætó bs. Eins og kynnt hefur verið þá höfum við hug á því að koma á akstri á milli Búðardals og Menntaskóla Borgarfjarðar, a.m.k. tvo daga í viku hið minnsta til að byrja með. Miðað við stöðu samtalsins þá eru allar líkur á því að þetta verkefni geti farið af stað á nýju ári og stefnt að því að akstur hefjist í fyrstu viku janúar 2024 – en auðvitað er þetta háð því að samningar náist og verður staðan kynnt um leið og mál skýrast frekar.
- Menningin blómstrar í Dölum sem fyrr. Mjög vel heppnuð Sviðamessa var haldin að Laugum 27. október og einnig voru hrútasýningar þá helgi, það var félag sauðfjárbænda í Dölum sem stóð að þessum viðburðum. Einnig var núna í vikunni skemmtileg bókakynning í Dalíu hér í Búðardal þar sem Vilborg Davíðsdóttir rithöfundur kynnti nýjustu bók sína Land næturinnar.



- Dómur féll þann 31. október sl. í héraðsdómi vegna máls sem fasteignasali höfðaði á hendur Dalabyggða vegna sölumeðferðar sem viðkomandi hélt utan um á sínum tíma vegna Lauga í Sælingsdal. Sveitarfélagið er í dómnum sýknað að öðru leyti en því að Dalabyggð þarf að greiða 315 þús.kr. sem er svokallað fasta gjald sem Dalabyggð skuldbatt sig til að greiða. Dalabyggð fær á móti dæmda til sín 1 millj.kr. vegna málskostnaðar.
- Undirritaður átti fund með Minjastofnun Íslands og Minjavernd vegna Ólafsdals og deiliskipulags þann 31. október sl. Rætt var um ýmsa þætti sem viðkoma uppbyggingu í Ólafsdal og þess hve mikilvægt er að gott samtal og góð samskipti séu á milli þeirra sem koma að málum þessa mikilvæga svæðis. Undirritaður hefur óskað eftir fundi með fulltrúum Ólafsdalsfélagsins til þess að ræða málin þannig að allir séu upplýstir um þær hugmyndir sem uppi eru varðandi svæðið.

- Fyrir skömmu var send út verðkönnun til nokkurra verk- og/eða arkitektastofa varðandi vinnu við deiliskipulag í og við Búðardal. Undirritaður f, ásamt skipulagsfulltrúa, með Arkís sem átti lágsta tilboð í vinnu við deiliskipulagið. Vinna fer af stað af fullum krafti á nýju ári og markmiðið er að tillaga að uppfærðu deiliskipulagið verði tækt til auglýsingar í upphafi sumars.
- Verkefnið „Gott að eldast“, á vegum Heilbrigðisráðuneytisins og Félagsmálaráðuneytisins er að komast á skrið. Sex þróunarverkefni eru að fara af stað hringinn í kringum landið og er Vesturland einn þátttakaenda. Þróunarverkefnin eru hluti af aðgerðaáætluninni „Gott að eldast“ en með henni taka stjórnvöld utan um þjónustu við eldra fólk með nýjum hætti. Markmið er að finna góðar lausnir á samþættingu félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk og flétta vandlega saman þá þætti sem ríkið sér annars vegar um og hins vegar sveitarfélögin. Verið er að undirbúa skipan verkefnahóps sem mun halda utan um verkefnið og innleiðingu þess á Vesturlandi.



- Hafinn er undirbúningur og samvinna Sambands íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélaganna í landinu vegna komandi kjaraviðræðna Sambandsins. Gert er ráð fyrir að byrja á mánaðarlegum fundum en halda þá síðan örar, eftir þörfum, er nær dregur viðræðum. Mikilvægt er að ná góðum takti og að upplýsingaflæði sé gott í þessu mikilvæga verkefni sem launabátturinn og tengdir þættir eru í starfsemi sveitarfélaga.
- Dalabyggð auglýsir, líkt og í fyrra, eftir framleiðindum, veitinga/verslunar- og/eða þjónustuaðilum í sveitarfélaginu sem hafa áhuga á að taka á móti gjafabréfum sem er jólagjöf sveitarfélagsins til starfsmanna Dalabyggðar. Fyrirkomulaginu verður þannig háttað að starfsmenn fá gjafabréf ásamt upptalningu á aðilum í Dalabyggð sem skrá sig í verkefnið. Gjafabréfin virka sem greiðsla á eða upp í kaup á vöru og/eða þjónustu hjá viðkomandi fyrirtæki. Gert er ráð fyrir að hægt verði að nota gjafabréfin á tímabilinu frá 15. desember 2023 – 29. febrúar 2024. Skilyrði fyrir þátttöku er að rekstraraðili/fyrirtæki sé skráð hjá hinu opinbera og sé starfandi í Dalabyggð. Um er að ræða ríflega 80 gjafabréf sem afhent verða starfsmönnum Dalabyggðar um miðjan desember 2023. Áhugasamir skrá sig til leiks með því að senda tölvupóst á netfangið dalir@daliir.is Skráningafrestur er til og með 5. desember n.k.



Jólagjöf til starfsmanna Dalabyggðar – kallað eftir þátttöku

- Ég vil hér, eins og gert er á heimasíðu okkar, dalir.is, vekja athygli á því að skrifstofa Dalabyggðar verður lokuð föstudaginn 17. nóvember og mánudaginn 20. nóvember vegna ferðar starfsmanna. Við bendum á að hægt er, eins og í raun alltaf, að senda erindi á netfangið dalir@dalir.is eða á netföng viðkomandi starfsmanna. Skrifstofan opnar svo aftur kl.09:00 þriðjudaginn 21. nóvember.
- Hér sem fyrr í minnisblöðum sveitarstjóra er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði. Verkefnin eru ýmiskonar en öll hafa þau það að markmiði að gera gott samfélag betra á einn eða annan hátt. Saman og samhent getum við meira og betur – göngum í takt – okkur, samfélaginu og Dalabyggð til heilla !

